

Skil á Vigtar- og ráðstöfunarskýrslum – kynning

Kaupendum sjávarafla ber að skila vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (VOR-skýrslum) til Fiskistofu eigi síðar en 20. hvers mánaðar vegna viðskipta með sjávarafla mánuðinn á undan, sbr. reglugerð nr. 994/2013 um skýrsluskil vegna viðskipta með afla. Vanskil á VOR skýrslum geta leitt til beitingar dagsekta, sbr. ákvæði laga nr. 9/2011 um breytingu á lögum um umgengni við nytjastofna sjávar.

Fiskistofa hefur sett upp rafrænt kerfi til að skila skýrslunum í gegnum netvafra. Við væntum þess að þetta kerfi sé notendavænt og valdi fiskkaupendum/verkendum ekki mikilli fyrirhöfn.

Í VOR-kerfinu eru kaup á afla bæði beint af bát og af markaði forskráð inn og þegar um markaðskaup er að ræða kemur verðið einnig fram. Skil á skýrslunni felast þá einkum í að yfirfara þær upplýsingar, bæta við verði í beinum kaupum af bát og magni og verði í kaupum af fyrirtækjum. Einnig þarf að skrá ráðstöfun aflans og endursölu ef einhver er.

1. skref til að byrja að nota VOR-kerfið:

Í upphafi þarf prókúruhafi að veita þeim starfsmönnum vinnslunnar sem sjá um skýrsluskilin leyfi til að skila skýrslum til Fiskistofu fyrir hönd fyrirtækisins:

Farið er inn á vef island.is með íslykli fyrirtækis og þar er kennitölu einstaklings/einstaklinga veitt umboð til þess að nota VOR-kerfi Fiskistofu fyrir hönd fyrirtækisins.

Þetta á ekki að taka nema 1-3 mínútur.

Þetta þarf aðeins að gera einu sinni í upphafi og síðan eingöngu þegar breytingar eru gerðar á því hver hafi leyfi til að skila skýrslum fyrir hönd fyrirtækisins.

2. skref – bara skrá sig inn og fara eftir leiðbeiningunum!

Þegar umboð hefur verið veitt til að skila skýrslum í kerfinu notar sá sem er kominn með umboð eftirfarandi vefslóð til að fara inn í nýja kerfið:

<http://java.fiskistofa.is/vor/radstofun.jnlp>

Við innskráningu í kerfið notar hann íslykilinn sinn eða rafræn skilríki.

Aðstoð og spurningar:

Ef þið þarfnist aðstoðar getið þið verið í sambandi við undirritaðan, Þórunni eða Systu í síma 569 7900.

Fjöldi fiskvinnslna hefur notað kerfið með góðum árangri undanfarna mánuði. Þetta er nýtt kerfi og auðvitað geta komið upp vandamál. Allar ábendingar frá ykkur eru vel þegnar.